



## Þingskjal nr. 50

Flytjandi stjórn LH

Lagt fyrir \_\_\_\_\_

### Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir reglugerð um Íslandsmót í gæðingakeppni.

Reglugerðin orðist svo:

*Reglugerð LH fyrir Íslandsmót í gæðingakeppni*

### 1 Ákvörðun um Íslandsmótsstað og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í gæðingakeppni skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót í gæðingakeppni skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir móti. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót í gæðingakeppni skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótmáldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótmáldari skulu undirrita samning um Íslandsmót í gæðingakeppni fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið. Dagsetning Íslandsmóta í gæðingakeppni er síðasta helgin í ágúst ár hvert. Íslandsmót í gæðingakeppni skal vera Worldranking.

### 2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti í gæðingakeppni

Keppnisgreinar á Íslandsmóti í gæðingakeppni eru:

- A-flokkur gæðinga Meistaraflokkur
- B-flokkur gæðinga Meistaraflokkur
- A-flokkur gæðinga opinn flokkur
- B-flokkur gæðinga opinn flokkur
- A-flokkur ungmenna
- B-flokkur ungmenna
- Unglingaflokkur
- Barnaflokkur
- Ekki skal riðin sérstök forkeppni

### 3 Þátttökuréttur á Íslandsmóti

Þátttökurétt í A-flokk og B-flokk gæðinga bæði í meistaraflokk og opnum flokki á Íslandsmót í gæðingakeppni eiga 25 efstu hestar á stöðulista á keppnisárinu. Knapar í fullorðinsflokk geta



bara keppt í einum styrkleikaflokki á mótinu. Þáttökurétt í A-flokki og B-flokki ungmenna á Íslandsmóti í gæðingakeppni eiga 25 efstu keppnispör á stöðulista á keppnisárinu. Miðað er við stöðulista tveimur sunnudögum áður en mótið hefst. Ef knapi/hestur óskar ekki eftir þáttöku er næstu knöpum/hestum á stöðulista boðin þátttaka. Ef ekki næst full þátttaka með hestum af stöðulista hafa mótsaldarar leyfi til að auglýsa eftir hestum og raðast umsóknir eftir árangri hestanna.

Öll börn og ungligar eiga þáttökurétt á Íslandsmót í gæðingakeppni á hverju ári. Hvert barn eða unglingur má einungis keppa á einum hesti á mótinu.

Ráslistar liggja fyrir 5 dögum fyrir móti og þrír varaknapar/hestar tilgreindir í hverri grein.

#### 4 Auglýsing Íslandsmóts

Íslandsmót í gæðingakeppni skal auglýsa með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmótið hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjálda keppenda af öllu landinu.

#### 5 Framkvæmdanefnd Íslandsmóts í gæðingakeppni

Mótshaldari skal skipa framkvæmdanefnd sama ár og mótið er haldið. LH hefur heimild til að skipa einn mann í framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefndin ákveður skráningagjöld, annast auglýsingar móts, móttöku þáttökutilkynninga, ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd skipar eftirfarandi embættismenn mótsins:

- *Framkvæmdastjóra.* Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og starfa með henni að undirbúningi mótsins. Hann ber ásamt framkvæmdanefnd ábyrgð á að undirbúningur og aðstaða öll sé tilbúin nægjanlega tímanlega fyrir móti, þannig að keppendur geti æft sig á móttssvæðinu a.m.k. sjö dögum fyrir upphaf móts.
- *Fjölmíðlafulltrúa.* Hann skal skipaður um leið og framkvæmdanefnd og vinni með henni. Hann ber ábyrgð á fjölmíðlatengslum og sér um að koma mótinu á framfæri við fjölmíðla, sér einnig um utanuhald á auglýsingaöflun og önnur mál sem tengjast því.
- *Mótsstjóra.* Hann skal skipaður minnst tveimur mánuðum fyrir upphaf móts. Hann ber ábyrgð á að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá og gangi snurðulaust fyrir sig. Mótsstjóri skal, í samráði við framkvæmdanefnd, bera ábyrgð á að ritrarar og dómgögn séu til staðar við upphaf móts.
- *Vallarstjóra.* Hann annast verkstjórn á meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár í samráði við mótsstjóra.
- *Puli.* Þeir kynna dagskráratriði og kappkosta að mótsald gangi greiðlega fyrir sig.
- *Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn.* Starfa í umboði dómara.

Yfirdómnefnd er skipuð yfirdómara, mótsstjóra, meðlimi úr framkvæmdanefnd, formanni



keppnisnefndar LH eða annars fulltrúa, áður tilnefndum af honum, og fulltrúa knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum (sjá grein 2.7.2).

## 6 Skipan dómara Íslandsmóts

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á, eftir tillögum frá GDLH. Yfirdómari dæmir ekki gangtegundir inni á hringvelli. Skipa skal yfirdómara og dórnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins. Skipun dómara skal uppfylla Worldranking ákvæði um gæðingakeppni.

## 7 Ýmis ákvæði um Íslandsmót

Á Íslandsmóti í gæðingakeppni skal bara halda a-úrslit. Í a-úrslitum keppa 6 efstu hestar í hverjum flokki.

## 8 Listi yfir lágmarkskröfur

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót í gæðingakeppni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara eigi síðar en 6 mánuðum fyrir mótt.

## 9 Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót í gæðingakeppni, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um gæðingakeppni, keppendur, agareglur og annað sem við á í lögum og reglum LH.

**Greinargerð:** Gæðingakeppnin er elsta keppnisform fyrir íslenska hestinn og tími kominn til að haldið sé árlega Íslandsmót í Gæðingakeppni. Gæðingakeppnin hefur aðeins orðið útundan á þeim árum sem ekki er Landsmót og ekki seinna vænna en að halda stórmót í Gæðingakeppni á hverju ári þar sem bestu gæðingar etja kappi.

### **Agreiðsla nefndar:**

Tillögunni vísað frá með fyrirvara um samþykkt tillögu á þskj. nr. 15